

Reykjavík, 16.10.2024

*Nefndasvið Alþingis
BT Fjárlaganefnd
Smičja
Tjarnargötu 9,
101 Reykjavík*

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2025

Í ljósi þess afdrifaríka niðurskurðar Kvikmyndasjóðs sem blasir við í fjárlögum næsta árs og í fjármálaáætlun ríkisins til næstu ára sendir stjórn Samtaka kvikmyndaleikstjóra (SKL) á Íslandi frá sér eftirfarandi umsögn við fjárlög 2025:

Höfuðmarkmið Kvikmyndastefnu Íslands til ársins 2030 sem leit dagsins ljós haustið 2020 er „að íslensk kvikmyndagerð megi blómstra og dafna á komandi áratug. Henni er ætlað að styrkja íslenska menningu og tungu og sjálfsmynd þjóðarinnar, efla atvinnulífið og stuðla að sterku orðspori Íslands.“ (Kvikmyndastefnan bls 7.)

Þrátt yfir þetta er áætlað samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2025 að Kvikmyndasjóður verði skorinn niður um tæplega helming frá árinu 2021. Þannig verður vegið að allri íslenskri kvikmyndagerð, þ.e. kvikmyndum og sjónvarpsþáttum á íslensku, sem gerast í íslenskum veruleika, eftir íslenska höfunda.

Öflugur Kvikmyndasjóður er forsenda íslenskrar kvikmyndagerðar

Með niðurskurði Kvikmyndasjóðs er fótunum kippt undan frumsköpun og þróun í íslenskri kvikmyndagerð, bæði þróun listformsins og stöðu heillar atvinnugreinar sem hefur eflst mikið á síðustu árum og krefst eðli málsins samkvæmt stöðugleika. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á síðustu árum í námi í kvikmyndagerð á Íslandi en öflugur Kvikmyndasjóður er forsenda þess að fólk sem er menntað í greininni, hvort sem er innanlands eða utan landsteina, geti hafið feril sinn í stöðugu starfsumhverfi.

Verk sem hafa verið í þróun til langs tíma og eru komin á framleiðslustig, oft í samstarfi við erlenda framleiðendur með aðgang að erlendu fjármagni, koma ekki til framkvæmda ef fjármagn

fæst ekki úr Kvikmyndasjóði Íslands. Verkefni sem þegar hefur verið fjárfest í og unnin eru af fagfólki. Í þessu samhengi má einnig nefna heimildarmyndir sem eru lengi í vinnslu og fjalla oft um atburði líðandi stundar og þola illa, eða ekki, að þeim sé frestað.

Með sífelldum niðurskurði á Kvikmyndasjóði er samfélagið allt að tapa fjárfestingu sem hefur verið gerð með opinberu fé, fjárfestingu í mannaúti, þekkingu og höfundaverkum

Endurgreiðslukerfið og Kvikmyndasjóður

Í Kvikmyndastefnu Íslands til ársins 2030 er kveðið á um eflingu Kvikmyndasjóðs annars vegar og hins vegar samkeppnishæft endurgreiðslukerfi til að laða að erlend verkefni í kvikmyndagerð.

Í grunninn er ekkert því til fyrirstöðu að þessir tveir þættir geti farið saman, sterkur sjóður og há endurgreiðsla. Þetta eru tvær ólíkar aðgerðir, annars vegar bein framlög til íslenskrar kvikmyndaframleiðslu og hins vegar endurgreiðsla á skattlögðum kostnaði sem fellur til við kvikmyndaframleiðslu. Endurgreiðslunni er þannig ætlað að vera hvati til fjárfestingar, en ekki bein fjárútlát fyrir ríkið. Sú staða er hins vegar komin upp að stjórnvöld virðast líta á þetta sem eitt og hið sama, og freistast til þess að sækja fjármagn fyrir endurgreiðslunni með því að skera það af Kvikmyndasjóði.

En á þessu tvennu er reginmunur; Kvikmyndasjóður styður við frumsköpun íslenskra kvikmyndaverka og er kjölfesta kvikmyndagerðar í landinu og samkeppnishæf endurgreiðsla getur aldrei komið í stað öflugs Kvikmyndasjóðs. Stjórn SKL hefur verulegar áhyggjur af því að þurfa í sífellu að útskýra eðlismun þessara tveggja aðgerða fyrir ráðafólki sem muni ár hvert líta á upphæðirnar sem renni í gegnum endurgreiðsluna sem nógu veglegan stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Kvikmyndasjóður verði þannig látinn mæta afgangi sem á endanum mun gjöreya íslenskum kvikmyndaverkefnum.

Mikilvægt er að umræða fari fram innan greinarinnar um Kvikmyndastefnuna og efndir hennar og það ójafnvægi sem hefur myndast eftir að endurgreiðslan var hækkuð í 35% og Kvikmyndasjóður helmingaður. Þörf er á álitum erlendra sérfræðinga frá samanburðarlöndum sem hafa innleitt svipað endurgreiðslukerfi til að heyra reynslu þeirra á fyrirkomulaginu.

Í markmiðum laga um endurgreiðslur vegna kvikmyndaframleiðslu er kveðið á um eflingu á innlendri menningu og kynningu á sögu lands og þjóðar, og á íslenskri náttúru. Framkvæmd laga um endurgreiðslur til kvikmyndaframleiðslu þarf að rýna með tilliti til þessara markmiða.

Kvikmyndasjóður í samræmi við metnaðarfulla Kvikmyndastefnu

Kvikmyndastefna til ársins 2030 er fyrsta heildstæða stefna íslenskra stjórnvalda á sviði kvikmyndamála. Hún var unnin í nánú samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda, í þverpólítískri sátt undir forystu mennta- og menningarmálaráðherra. Mikilvægt er að stefnan tapi ekki inntaki sínu þrátt fyrir ólgusjó ríkisfjármálanna.

Samtök kvikmyndaleikstjóra gera þá kröfu á að nú verði gert samkomulag við kvikmyndahöfunda og kvikmyndagerðarfólk um framlög til kvikmyndasjóðs til að tryggja stöðugleika í greininni. Framlög sem gildi til a.m.k næstu fjögurra ára, eins og hefur tíðkast á árum áður en hafa ekki gilt frá árinu 2019.

Samtök kvikmyndaleikstjóra krefjast þess einnig að staðið verði við loforð um öflugan kvikmyndasjóð eins og kvikmyndastefnan kveður á um enda er hann forsenda frumsköpunar í íslenskri kvikmyndagerð.

Virðingarfyllt,

F. h. Samtaka kvikmyndaleikstjóra

Hrönn Sveinsdóttir
Dögg Mósesdóttir
Karna Sigurðardóttir
Hilmar Oddsson
Gagga Jónsdóttir